

55

Auglýsing.

23. apríl.

Með því að 1. þingmaður Rangárvallasýslu, Sighvatur Árnason dbrm. í Eyvindarholti hefir afsalað sjer þingmennsku með brjefi, dagsettu 14. þ. m., þá er hjermeð samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis frá 14. septbr. 1877 fyrirskipað, að kosning skuli fram fara um miðjan júnimánuð næstkomanda á þingmanni fyrir Rangárvallasýslu í stað Sighvatar Árnasonar og fyrir þann þingmennskutíma, er hann átti eptir.

Þetta er hjermeð birt öllum hlutadeigendum og jafnframt lagt fyrir kjörstjórnina í Rangárvallasýslu að undirbúa kosning þessa og stjórna henni samkvæmt fyrirmælum nefndra kosningarlaga.

Reykjavík, 23. apríl 1899.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.*Jón Magnússon.*

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til
Svarfaðardalshrepps 1898.

56

Tekjur:

1. Eign við árslok 1897:			
Í fasteignum			kr. 2310,00
2. Jarðar afgjöld:			
a. Landskuldir 1898			
20 ¹ / ₂ al. á 45 ¹ / ₂ a.		kr. 91,68	
b. Leigur 1898			
85 al. 45 ¹ / ₂		— 38,68	— 130,36
			<u>kr. 2440,36</u>

Gjöld:

1. Skuld við umboðsmann frá f. á.		kr. 0,60
2. Umboðslaun ¹ / ₆ af 130 kr. 36 a		— 21,73
3. Borgað oddvita Svarfaðardalshrepps		— 108,03
4. Eign til næsta árs:		
I fasteignum		— 2310,00
		<u>kr. 2440,36</u>

Íslands Norður- og Austuramt,
Akureyri, 14. jan. 1899.

Jónas Jónasson. Páll Briem.